

AUGLÝSING**um fullgildingu sáttmála milli Íslands og Danmerkur um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands.**

Hinn 1. apríl 1971 fór fram í Kaupmannahöfn afhending fullgildingarskjala vegna sáttmálans milli Íslands og Danmerkur frá 1. júlí 1965, um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands. Sáttmálinn var birtur með auglýsingu nr. 24 í C-deild Stjórnartíðinda 1965.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. apríl 1971.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 11.

13. apríl 1971.

AUGLÝSING**um alþjóðasamning um bann við staðsetningu gjöreyðingarvopna á hafsbotni.**

Hinn 11. febrúar 1971 var undirritaður fyrir Íslands hönd alþjóðasamningur um bann við staðsetningu gjöreyðingarvopna á hafsbotni. Undirritun fór fram í Moskvu, London og Washington.

Samkvæmt 10. gr. samningsins tekur hann gildi, þegar 22 ríki hafa fullgilt hann. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. apríl 1971.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.